

Skólaráð

Mætt: Erla Jóna Steingrímisdóttir (fulltrúi kennara), Sigríður Ingólfisdóttir (fulltrúi foreldra), Jón Ragnars (fulltrúi foreldra) boðaði forföll og náði ekki að koma inn varamanni, Alexander Kárason (fulltrúi grenndarsamfélags, Ingrid Lín Chan Óskarsdóttir (fulltrúi nemenda), Margrét María Marteinsdóttir (fulltrúi nemenda), Ágústa Ragnarsdóttir (fulltrúi almenns starfsfólks), Ásta Benediktsdóttir (fulltrúi kennara), Þórhildur Elfarsdóttir (skólastjóri) og Þórunna Rósa Ólafsdóttir (skólastjóri og fundarritari).

1. Farið yfir verkefnið frá Erindi.

Sævaldur Bjarnason kennari og fulltrúi stýrihóps „Bættur skólabragur“ skólans fór yfir verkefnið í eldri deild. Verkefnið hefur aldrei verið keyrt í svona stórum skóla þannig að það þurfti að aðlaga og skipta nemendum í hópa. 7. bekkur var sér, 8. og 9. bekkur saman og 10.b var sér. Farið var yfir ástæður skiptingarinnar. Sævaldur reifaði verkefnið og hugleiðingar um áframhald. Þórunna fór yfir lauslega hvernig útfærslan var í yngri deild en þar eru yngri nemendur og útfærsla miðuð við þann aldurshóp.

Sævaldur fór yfir að með bættan skólabrag þá kom upp þessi hugmynd að efla nemendur í samskiptum í skólum og banna síma í skólanum. Nú er búið að kaupa borðtennisborð og fleira til að gefa krökkunum tækifæri til að leika sér í frjálsum leik.

Nemendur voru spurðir hvernig þeir upplifðu verkefnið. Þeim fannst þetta vera mjög skemmtilegt og gaf tilgang að fara í fyrirtæki.

Sævaldur fór af fundi.

2. Fyrirspurnir skólastjóra til fulltrúa foreldra í skólaráði.

Sigríður les upp bókun fulltrúa skólaráðs.

Vegna beiðni skólastjóra til fulltrúa foreldra í skólaráði um að hafa milligöngu um að koma spurningum til stjórnar foreldrafélagsins. Fulltrúar foreldra í skólaráði komu umbeðnum spurningum til stjórnarinnar og fengu til baka að skólastjórnendur hefðu snúið sér beint til stjórnar foreldrafélagsins með sömu/sambærilegar spurningar og stjórn foreldrafélagsins myndi bregðast við þeim á fundi sem fyrirhugaður er þann 22.janúar með skólastjórnendum, framkvæmdastjóra fræðsluviðs ásamt fulltrúum Heimilis – og skóla.

Af þeirri ástæðu sá stjórnin ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við erindi því sem fulltrúar í skólaráði höfðu milligöngu um.

Jón Þór Ragnars, Sigríður Ingólfssdóttir

Skólastjórar fóru yfir að Skólaráð væri formlegur vettvangur til að fá svör við þessu en það væri ekki hlutverk foreldrafélagsins. Þar sem fulltrúar foreldrar eru ekki komnir með svörin óskum við eftir að þetta verður tekið fyrir á næsta fundi. Fulltrúar kennara í Skólaráði óska eftir svörum við þessum spurningum á næsta Skólaráðsfundi.

3. Önnur mál

Farið var yfir síðustu fundargerð. Athugasemdir bárust frá fulltrúum foreldra mánuði seinna. Farið var yfir athugasemdir og talið að fundargerðin gæti staðið eins og hún var.

Alexander Kárason spurðist fyrir um hvernig tengsl eru við atvinnulífið og skóla. Þórhildur fór yfir að þetta væri í höndum náms- og starfsráðgjafa og jafnframt væri lokaverkefni 10.bekkja byggt á samstarfi við atvinnulífið. Alexander fór yfir hugmyndir sem hann er með. Bókað að stjórnendur ásamt námsráðgjöfum fundi með Alexander og skoði útfærslu á þessari hugmynd.

Sigríður spyr Erlu af hverju hún óski eftir svörum frá foreldrafélagi það sé algerlega óviðeigandi að fá svör við því sem gerist á fundum foreldrafélags. Sigríður telur þá hún gæti óskað eftir svörum af því sem gerist á kennarafundum. Erla fór yfir að hún upplifir ekki að foreldrafélagið sé að vinna með skólanum.

Sigríður leggur fyrir spurningu um af hverju Skólapúlsinn er ekki notaður í vetur. Þórhildur fór yfir að þreyta hafi verið komin í nemendahópinn og svörin orðin nokkuð ómarkvisst. Fulltrúar nemenda á fundinum studdu það. Sigríður spurði um hvernig væri unnið með kannanir Skólapúlsins og hvar úrbótaáætlun væri að finna. Þórhildur fór yfir að verið væri að ganga frá skýrslu þar sem þetta væri sýnilegt foreldrum.

Fundi slitið kl. 9.10.

Þóranna Rósa Ólafsdóttir, ritaði fundargerð